

Erindi til bæjarstjórnar Hafnarfjarðar

Efni: Samvinna um jarðvegsframkvæmdir í Hafnarfirði vegna lagningu ljósleiðara.

Á næstu misserum áætla bæði Míla og Gagnaveita Reykjavíkur (GR) jarðvegsframkvæmdir í bæjarfélaginu vegna lagningu ljósleiðara, þar á meðal í sumu tilfellum á sömu svæðum. Af gefnu tilefni vill Míla áréttta með þessu erindi ríkan samstarfsvilja við Gagnaveitu Reykjavíkur, sveitarfélög og önnur veitufyrirtæki um gröft og aðrar jarðvegsframkvæmdir.

Samkvæmt ákvörðunum Póst- og fjarskiptastofnunar ber Mílu að tilkynna allar jarðvegsframkvæmdir með sex mánaða fyrirvara svo aðrir á fjarskiptamarkaði geti fengið aðgang að skurðum fyrir fjarskiptalagnir og samnýtt þannig jarðvegsframkvæmdir. Hagsmunirnir af slíkri samvinnu eru borðleggjandi og auka hagkvæmni. Ekki er síður mikilvægt að slík samvinna minnkar rask fyrir íbúa og ónæði fyrir íbúa, kemur í veg fyrir að stórtækar vinnuvélar séu keyrðar að óþörfu og lágmarkar rof yfirborðs sem er í eigu sveitarfélagsins.

Rétt er að taka fram að allt það samstarf um framkvæmdir sem Míla leggur til er í samræmi við samkeppnislög, fjarskiptalög og reglur s.s. reglur um Mílu sem markaðsráðandi fyrirtæki. Komi upp minnsti vafi þar um, yrðu viðkomandi eftirlitsstofnanir beðnar um álit fyrirfram, áður en nokkuð yrði aðhafst.

Míla hefur haft frumkvæði að því að leita eftir samvinnu í þessum efnum við GR, en ekki haft erindi sem erfiði. Í kjölfar ítrekaðra en árangurslausra tilrauna Mílu til að koma á samvinnu við GR um jarðvegsframkvæmdir í Kópavogsbæ og Hafnarfirði, brugðust bæjaryfirvöld í Kópavogi við nú í júní með því að þvinga GR til samstarfs. Inngrip Kópavogsbæjar fólst í að gefa út eftirfarandi skilyrt framkvæmdaleyfi til GR:

„Skilyrði fyrir framkvæmdum: Á svæði sem afmarkast af Digranesvegi Hlíðarvegi og Brattatungu skal Gagnaveita leggja tvo ljósleiðara í skurði sína inn fyrir húsvegg, með það fyrir augum að mögulegt verði að leigja öðrum rekstraraðila annan strenginn.

Áður en skurðir í gangstéttum/götum eru malbikaðir skal Gagnaveitan tilkynna til eftirlitsmann Kóp fyrirhugaða malbikun með amk. þriggja daga fyrirvara. Mílu hf. skal gefinn kostur á að merkja þá staði sem skilja á eftir við malbikun. Gagnaveitan klárar að malbika það sem ekki hefur verið merkt og eftir úttekt tekur Míla við vinnusvæðinu og ber alla ábyrgð á því.“

Úr tölvupósti frá Stefáni L. Stefánssyni hjá Kópavogsbæ til Mílu þann 16. júní 2017.

Þegar fjölmiðlar leituðu til framkvæmdastjóra GR eftir viðbrögðum við þessu máli sagðist hann vera sammála um mikilvægi þess að forðast tvíverknad og lýsti yfir vilja til að vinna að farsælum lausnum með öðrum innviðafyrirtækjum (Heimild: Bylgjan fréttir kl. 12 27.06. 2017 viðtal við Erling Frey Guðmundsson).

Það samstarf sem býið er að þvinga GR í gegnum bæjaryfirvöld í Kópavogi er aðeins hluti þess sem mögulegt er ef vilji væri til að leita skynsamlegra leiða til samstarfs. Nú þegar hefur víða verið grafið þar sem samnýting væri skynsamleg og til hagsbóta fyrir íbúa og umhverfi. Í einhverjum tilfellum hafa verktakar sem vinna fyrir GR tekið fram fyrir hendur GR með því að bjóða Mílu beint aðgang að skurðum gegn greiðslu viðbótar kostnaðar.

Míla bindur vonir að sjónarmið GR birtist í fréttum haldist óbreytt hér eftir þegar kemur að framkvæmdum í öðrum sveitarfélögum. Míla telur jafnframt mikilvægt að sveitarfélögin fylgi því eftir við útgáfu framkvæmdaleyfa að þetta sjónarmið sé virt.

Ef GR hverfur hins vegar frá þessu sjónarmiði, tekur aftur upp fyrri stefnu og hafnar samstarfi, óskar Míla eftir á grunni jafnræðissjónarmiða, að fá sömu heimild og GR til óheftra jarðvegsframkvæmda í sveitarfélaginu. Að öðrum kosti beiti sveitarfélagið sér fyrir því að heimildir beggja aðila séu skilyrtar við samstarf svo hægt sé að lágmarka jarðrask og óþægindi.

Með fyrirfram þökk fyrir hönd Mílu,

Jón R. Kristjánsson

Framkvæmdastjóri